RR
RÁÐGJÖF

Íbúafundur

Langanesbyggð og Svalbarðshreppur

6. október 2021

Róbert Ragnarsson
Freyja Sigurgeirsdóttir

Verkefnislýsing

- Sveitarstjórnir Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps hafa skipað verkefnishóp sem leiðir viðræður sveitarfélaganna um mat á kostum og göllum sameiningar sveitarfélaganna.
- Verkefnistillagan miðaði við að afla nauðsynlegra upplýsinga til að sveitarstjórnir geti tekið ákvörðun um hvort hefja skuli formlegar viðræður á grundvelli 119. gr. sveitarstjórnarlaga.
- Jafnframt var óskað eftir hugmyndum um hvernig sameiningarferlið geti litið út fram að næstu sveitarstjórnarkosningum, ef ákveðið verður að fara í formlegar viðræður.

RÁÐGJÖF

Skipholti 25
105 Reykjavík
rrradgjof.is

Þróun sveitarfélaganna frá 1946



Spurningar og svör

- Vinsamlegast farið inn á www.menti.com í símanum ykkar eða í tölvunni og sláið inn kóðann:

  4060 0458

- Þar getið þið varpað fram spurningum og líkað við spurningar sem þið viljið fá svör við.
- Það er líka hægt að senda inn spurningar á Teams og bera upp munnlega á fundinum.

Fjármál

Greiningin byggir á gögnum úr ársreikningum sveitarfélaganna og fjárhagsáætlunum, auk gagna frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Meginreglan um ábyrga fjármálastjórn

- Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.
- Sameinað sveitarfélag stæðist meginreglu um ábyrga fjármálastjórnun.

Veltufé frá rekstri að frádregnum afborgunum langtímalána í þús. kr.



Jafnvægisregla og skuldaregla

- *Jafnvægisregla:* Heildarútgjöld til rekstrar samstæðu séu á þriggja ára tímabili ekki hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum.
- *Skuldaregla:* Heildarskuldir og skuldbindingar samstæðu séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.
- Sveitarfélögin stóðust báðar reglurnar, hvort sem sameinuð eða í sitthvoru lagi.
- Reglurnar hafa verið tímabundið numdar úr gildi til ársins 2025.





Eignir og skuldir á íbúa





Fasteignaskattar og útsvar

- Í Langanesbyggð og Svalbarðshreppi er lagt á hámarksútsvar 14,52%.
- Ef til sameiningar kæmi þyrfti að aðlaga álag á A-lið og C-lið. Ef markmiðið er að tekjur af hverjum lið séu þær sömu í sameinuðu sveitarfélagi þyrfti álag á
  - **A-lið að vera 0,596%**
  - **C-lið að vera 1,572%**

	Núverandi	Breyting	Sameinað
Álag á íbúðarhúsnæði (A-liður)			
Langanesbyggð	0,625%	*-0,029*	0,596%
Svalbarðshreppur	0,500%	*0,096*	
Álag á atvinnuhúsnæði (C-liður)			
Langanesbyggð	1,650%	*-0,078*	1,572%
Svalbarðshreppur	0,500%	*1,072*	

Fasteignaskattar

- Í töflunni má sjá niðurbrot á greiðslu sem fellur til vegna viðmiðunarhúsnæðis Byggðastofnunar.
  - Einbýlishús sem er 161,1 fermetrar og stendur á 808 fermetra lóð.
- Munur á milli sveitarfélaganna felst að mestu í því að ekki er innheimt sorpgjald í Svalbarðshreppi, auk þess að fasteignaskattur er lægri í Svalbarðshreppi.
- Nauðsynlegt er að hefja gjaldtöku í sorpmálum í Svalbarðshreppi hvort sem af sameiningu verður eða ekki.

	Fasteignagjöld til greiðslu		
Tegund	**Langanes-byggð**	**Svalbarðs-hreppur**	**Sameinað**
Fasteignaskattur	95.950	76.760	91.498
Lóðarleiga	20.865	20.865	20.865
Fráveitugjald	34.542	34.542	34.542
Vatnsgjald	46.056	46.056	46.056
Samtals án sorpgjalds	***197.413***	***178.223***	***192.961***
Sorpgjald	45.295	-	45.295
Alls	**242.708**	**178.223**	**238.256**

Laun, launatengd gjöld og starfsmannafjöldi

- Í Svalbarðshreppi voru laun og launatengd gjöld samstæðu 4,1 m. kr. og greiddi sveitarfélagið tveimur starfsmönnum laun á árinu 2020.
  - Stöðugildi voru alls 1.
- Í Langanesbyggð voru laun og launatengd gjöld samstæðu 532 m. kr. og greiddi sveitarfélagið 78 starfsmönnum laun á árinu 2020.
  - Stöðugildi voru alls 53.
- Lágt hlutfall launakostnaðar í Svalbarðshreppi gefur til kynna að sveitarfélagið útvisti nær öllum sínum verkefnum.

	Laun og launatengd gjöld	Starfsmannfjöldi
Svalbarðshreppur	4.136	2
Langanesbyggð	532.891	78



Framlög Jöfnunarsjóðs

- Sameiningarframlög eru greidd á 7 árum eftir samkomulagi við Jöfnunarsjóð og taka mið af ársreikningum árið fyrir sameiningu.
- Sameinað sveitarfélag fengi 6,2 m. kr. hærri útgjalda- og tekjujöfnunarframlög skv. upplýsingum Jöfnunarsjóðs.
- Að auki fá sveitarfélögin 15,6 m. kr. til að standa straum af kostnaði við samstarfsnefnd, ráðgjöf við tillögugerð, kynningarmál og sameinininingarkosningar.

Sveitarfélag	Skuldajöfnunar-framlag	Fast framlag	Byggða-framlag	*Samtals Framlög*
Langanesbyggð	274	100	56	*430*
Svalbarðshreppur	0	100	16	*116*
Samtals	**274**	**200**	**72**	***546***

Upphæðir í m. kr.

Fjárhagsáætlanir 2021-2024







Hafnarsjóður

- Rekstur hafnarsjóðs Langanesbyggðar hefur verið að styrkjast undanfarin ár. Hafnarsjóður skilaði jákvæðri rekstrarniðurstöðu árin 2017–2020





RR
RÁÐGJÖF

Spurningar og svör

- Vinsamlegast farið inn á www.menti.com í símanum ykkar eða í tölvunni og sláið inn kóðann:

  4060 0458

- Þar getið þið varpað fram spurningum og líkað við spurningar sem þið viljið fá svör við.

Jarðamál

Á 4. fundi viðræðunefndar var RR ráðgjöf falið að koma með tillögu um möguleg eignar- og rekstrarform félags eða samþykkta um jarðeignir í eigu mögulegs sameinaðs sveitarfélags.

Jarðirnar sem um ræðir

RR RÁÐGJÖF

- Í Svalbarðshreppi
  1. Flaga 1 og 2
     - Þeirri jörð fylgir veiðiréttur í Sandá í Þistilfirði.
  2. Kúðaá 1 og 2
     - Þeirri jörð fylgir veiðiréttur í Svalbarðsá.
  3. Flautafell
     - Þeirri jörð fylgir veiðiréttur í Svalbarðsá.

- Í Langanesbyggð
  1. Brimnes
  2. Staðarsel
  3. Sóleyjarvellir
  4. Nýibær.
     - Eignarhlutur sveitarfélagsins er 50%.
     - Þeirri jörð fylgir veiðiréttur.
  5. Hallgilsstaðir 1.
     - Í ábúð og útleigu.
     - Þeirri jörð fylgir veiðiréttur í Hafralónsá.

Tilgangur og markmið

RR RÁÐGJÖF

- Markmiðið er að nýta jarðirnar, tekjur af þeim og/eða söluhagnað, til að skapa tækifæri til styrkingar byggðar og atvinnutækifæra innan sameinaðs sveitarfélags.
- Jafnframt að tryggja að veiðiréttur í viðkomandi ám verði áfram í höndum heimamanna.
- Í því felst að óheimilt verði að selja veiðirétt í ám. Hins vegar verði heimilt að selja hluta úr jörðum eða leigja, að svo miklu leyti sem það raskar ekki forræði heimamanna yfir jarðeignunum.

Sjálfseignarstofnun

RR RÁÐGJÖF

- Jörðunum verður ráðstafað til sjálfseignarstofnunar.
- Stjórn verði heimilt að leigja eða selja hluta úr jörðum svo lengi sem það raskar ekki veiðiréttindum.
- Skylt verði að upplýsa sveitarstjórn með a.m.k. 30 daga fyrirvara ef stjórn hyggst selja eign stofnunarinnar og auglýsa þau áform opinberlega á opnum íbúafundi.
- Stjórn verði heimilt að ráðstafa tekjum sjálfseignarstofnunarinnar til verkefna í samræmi við markmið stofnunarinnar.
  - Mikilvægt að útlista nákvæmlega markmiðin.

- Kostir
  - Samþykktum stofnunarinnar verður ekki breytt nema með samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða.
  - Möguleiki á að setja varnagla í samþykkt sem skylt er að fara eftir.
    - T.a.m. að við slit stofnunarinnar renni eignir hennar til nýja sveitarfélagsins.
- Gallar
  - Stofnunin er ekki í eigu sveitarfélags heldur sjálfstæður lögaðili.
  - Allar eignir sem færðar eru þar undir eru eign stofnunarinnar.
  - Álitaefni um forsvaranlega meðferð fjármuna sveitarfélagsins.

Sjóður innan reksturs sveitarfélags

RR RÁÐGJÖF

- Sjálfstæð eining innan A-hluta sveitarsjóðs.
- Sjóðurinn hefði sérstakar samþykktir og stjórn.
- Reksturinn gerður upp sérstaklega og haldið utanum tekjur og útgjöld.
- Samþykkt yrði sett um starfsemi og verkefni sjóðsins sem hefði ítarleg ákvæði um m.a.:
  - verkefni
  - ráðstöfun eigna
  - ráðstöfun fjármuna
  - upplýsingaskyldu til íbúa
  - breytingar á samþykktum eða hlutverki
  - slitum á sjóðnum

- Kostir
  - Einfaldara ferli en stofnun sjálfseignarstofnunar
  - Ekki verið að framselja eignir sveitarfélagsins til þriðja aðila
  - Skýrir varnaglar í samþykkt geta rammað markmiðin vel inn
- Gallar
  - Erfitt að festa fyrirkomulagið til framtíðar og binda þar með næstu sveitarstjórnir
  - Næsta sveitarstjórn getur breytt samþykktum sjóðsins eða lagt hann niður

RR
RÁÐGJÖF

Spurningar og svör

- Vinsamlegast farið inn á www.menti.com í símanum ykkar eða í tölvunni og sláið inn kóðann:

  4060 0458

- Þar getið þið varpað fram spurningum og líkað við spurningar sem þið viljið fá svör við.

Stefna stjórnvalda og sameiningarferli

Stefna stjórnvalda

- Þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019–2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2023
  - Áherslur:
    - aukið bolmagn sveitarfélaga
    - aukið íbúalýðræði
    - aukin stafræn þjónusta og aðkoma íbúa að ákvörðunum
    - bættar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa
    - aukið fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaga
    - jöfnun á þjónustustigi í sveitarfélögum
  - Felur í sér stefnu um að lágmarksíbúafjöldi verði settur í lög og stuðningur við sameiningar stóraukinn

Lágmarksíbúafjöldi

*Í því skyni að auka sjálfbærni sveitarfélaga og tryggja getu þeirra til að annast lögbundin verkefni skal stefna að því að lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags sé ekki undir **1.000.***

Ef íbúafjöldi sveitarfélags er undir 1.000 við almennar sveitarstjórnarkosningar skal sveitarstjórn þess, [..]::

*a. **hefja** formlegar sameiningarviðræður á grundvelli 119. gr. eða*

*b. vinna **álit** um stöðu sveitarfélagsins, getu þess til að sinna lögbundnum verkefnum, sbr. 1. mgr., og um þau tækifæri sem felast í mögulegum kostum sameiningar sveitarfélagsins við annað eða önnur sveitarfélög.*

Verklag ef hafnar verða formlegar sameiningarviðræður

Við erum hér

Ákvörðun

Sveitarstjórnir taka ákvörðun um það hvort hefja skuli viðræður um sameiningu. Óformlegar viðræður eru oft undanfari ákvörðunar.

Undirbúningur

Sveitarstjórnir skipa samstarfsnefnd um sameiningu, sem vinnur að áliti og undirbúningi atkvæðagreiðslu.
Haft er samráð við íbúa, starfsfólk o.fl.

Kynning

Samstarfsnefnd kynnir álit sitt á áhrifum sameiningar og framtíðarsýn fyrir sameinað sveitarfélag

Kosningar

Íbúar greiða atkvæði um sameiningu. Niðurstöður kosninga eru bindandi.

Innleiðing

Ef sameining er samþykkt er skipuð undirbúningsstjórn sem vinnur að undirbúningi gildistöku og innleiðingu

Gildistaka

Ný sveitarstjórn er Kjörin. Sameining tekur gildi 15 dögum síðar. Getur verið á miðju kjörtímabili eða við reglubundnar kosningar til sveitarstjórna.

Ákvörðun	Undirbúningur	Kynning	Kosningar	Innleiðing	Gildistaka
október	október-desember	desember-janúar	febrúar	febrúar-maí	júní

Ályktanir af stöðugreiningu

RR RÁÐGJÖF

- Langanesbyggð sinnir meginþorra lögbundinna verkefna Svalbarðshrepps.
- Norðurþing sinnir að mestu lögbundnum verkefnum beggja sveitarfélaga á sviði félagsþjónustu, barnaverndar og stuðningi við fólk með fötlun.
  - Rúmlega 83% af útgjöldum Svalbarðshrepps renna til samstarfsverkefna.
- Svalbarðshreppur uppfyllir ekki ákvæði 4. gr. svstjl. um íbúafjölda og skal leita sameiningarviðræðna eftir sveitarstjórnarkosningar 2022, eða vinna álit um stöðu sveitarfélagsins og getu þess til að sinna lögbundnum verkefnum.
- Ef sveitarfélögin sameinast ekki þá þurfa ýmsar breytingar að eiga sér stað hjá Svalbarðshreppi til að mæta kröfum löggjafans.
- Yfirvofandi breytingar t.a.m. á barnaverndarkerfinu.
  - Barnaverndarnefndir verða lagðar niður og tvær einingar starfræktar, barnaverndarþjónusta og umdæmisráð barnaverndar með a.m.k. 6000 íbúa umdæmi.
- Svalbarðshreppi er skylt, skv. lögum um meðhöndlun úrgangs, að innheimta gjald fyrir meðhöndlun úrgangs.
  - Íbúar Svalbarðshrepps ættu því að þurfa að greiða slíkt gjald hvort sem af sameiningu verður eða ekki.

RR
RÁÐGJÖF

Spurningar og svör

- Vinsamlegast farið inn á www.menti.com í símanum ykkar eða í tölvunni og sláið inn kóðann:

  4060 0458

- Þar getið þið varpað fram spurningum og líkað við spurningar sem þið viljið fá svör við.

RR RÁÐGJÖF

rrradgjof.is
robert@rrradgjof.is

- **Róbert Ragnarsson** er reynslumikill stjórnandi og sérfræðingur úr opinbera geiranum. Hann hefur yfir tíu ára reynslu sem bæjarstjóri í Vogum og í Grindavíkurbæ, auk reynslu af sérfræðistörfum í stjórnarráðinu og kennslu á háskólastigi. Róbert hefur sinnt fjölbreyttri ráðgjöf við sveitarfélög frá því í febrúar 2017.
- Róbert er með meistarapróf í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands, en varði tveimur árum við nám í Háskólanum í Árósum. Hann hefur kennt stjórnsýslufræði á meistarastigi við Háskóla Íslands og haldið fjölda fyrirlestra og námskeiða um lagaumhverfi, skipulag og stjórnun hins opinbera. Hann hefur sinnt ráðgjöf við gerð lagafrumvarpa í samgönguráðuneyti og félagsmálaráðuneyti og unnið að fjárhagslegum úttektum fyrir sveitarfélög.

- **Freyja Sigurgeirsdóttir** er með MA próf í lögfræði frá Háskóla Íslands. Samhliða námi vann Freyja hjá Umboðsmanni barna og í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.
- Hennar helstu verkefni í ráðuneytinu sneru að frumkvæðismálum skv. 112. gr. sveitarstjórnarlaga og samvinnusamningum sveitarfélaga, skv. IX. kafla sveitarstjórnarlaga. Hjá umboðsmanni barna vann Freyja við ýmis tilfallandi verkefni, m.a. undirbúningsvinnu umsagna til nefndasviða Alþingis, og aðstoðaði við undirbúning og framkvæmd Barnaþings í Hörpu.

- **Gunnar Úlfarsson** er hagfræðingur frá Háskóla Íslands og hefur lokið meistaranámi í hagfræði og fjármálum við St Andrews háskóla í Skotlandi. Gunnar hefur starfað sem stundakennari innan hagfræðideildar Háskóla Íslands og hefur reynslu af samkeppnis- og samrunamálum úr starfi hjá Samkeppniseftirlitinu.
- Gunnar leggur áherslu á hagræna greiningu vandamála með tölulegri greiningu og nýtingu rauntímagagna til skilvirkar ákvarðanatöku. Hann hefur unnið mat á fjárhagslegum áhrifum fjárfestinga sveitarfélaga og tekið þátt í greiningu á fjárhag þeirra.